



# STARF SEM BER ÁRANGUR GÓÐ REYNSLA AF ÞJÓNUSTU EURES



## Pottþéttir starfsmenn



Garðar Jónsson

Í september 2007 hafði arkitektastofan Yrki arkitektar samband við EURES. Stofuna vantaði arkitekt í hópinn en erfiðlega gekk að finna hæfa umsækjendur innanlands. Garðar Jónsson fjármálastjóri kynntist EURES í gegnum stjórnarsetu sína í fyrirtækinu Forsvar ehf. á Hvammstanga sem fyrir þremur árum leitaði að tölvunarfræðingum í gegnum EURES, tveir voru ráðnir til starfa og starfar annar þeirra enn hjá fyrirtækinu.

Í nóvember var arkitektinn Keith Daly frá Írlandi ráðinn hjá Yrki arkitektum, „Keith bankaði upp hjá

okkur einn daginn en hann hafði frétt af starfinu hjá EURES“.

Garðar segist virkilega ánægður með þjónustu EURES, hlutirnir hafi gengið mjög hratt fyrir sig. Hann segir bæði kosti og galla við það að ráða erlenda starfsmenn. Þeir þurfi mikinn stuðning til að byrja með og geti lítil samskipti haft við viðskiptavinum sökum tungumálaerfiðleika. Á hinn bóginn segir Garðar þá sem hann réð vera mjög samviskusama, alveg pottþétta starfsmenn.



HEILSUVERNDARSTÖÐIN

## Nurse Nightingale

Gísli Einarsson verkefnastjóri hjá InPro, forvera Heilsuverndarstöðvarinnar, leitaði til EURES en InPro þjónustaði verktakafyrirtækið Bechtel sem reisti álver Alcoa Fjarðaráls í Reyðarfirði. Þegar mest var störfuðu um 4000 manns við byggingu álversins og var stór hluti þeirra erlendir svo mikilvægt var að ráða hjúkrunarfræðinga og bráðaliða með góða málakunnáttu. Að sögn Gísla gekk allt ráðningarferlið mjög hratt og vel fyrir sig. Þeim barst fjöldi góðra umsókna „Ein fyrsta umsóknin var frá Ricky Nightingale, Breta

sem þá bjó í Indónesíu, „nurse Nightingale“ við héldum að þetta væri einhver brandari“ segir Gísli. En svo var ekki og „nurse Nightingale“ var ráðinn til starfa. Nightingale reyndist hafa mikla sérþekkingu og reynslu í vinnuverndarhjúkrun eða „occupational nursing“ sem ekki er að finna á meðal íslenskra hjúkrunarfræðinga. Síðar réð Gísli einnig pólskan hjúkrunarfræðing með aðstoð EURES en stærstur hluti starfsmanna við byggingu álversins í Reyðarfirði var pólskur.



Gísli Einarsson

# VÆNLEGUR VALKOSTUR



## EURES - Evrópsk vinnumiðlun

EURES er samstarfsverkefni framkvæmdastjórnar ESB og opinberra vinnumiðlana aðildarríkja EES. Hlutverk EURES er að stuðla að því að fólk flytjist þangað sem störf eru og draga þannig úr staðbundnum sveiflum innan svæðisins. Í gegnum EURES hafa atvinnurekendur aðgang að sameiginlegum vinnumarkaði EES-svæðisins sem telur 31 land og um 490 milljónir íbúa. EURES á Íslandi býður atvinnurekendum m.a. upp á forval umsókna en árið 2007 bárust um 7000 umsóknir frá Evrópúbúum með margvíslega menntun og hæfni í rafrænan grunn EURES á Íslandi. Atvinnurekendur geta skráð laus stöff á


[www.eures.is](http://www.eures.is) og er starfið þá auglýst á miðlægri vefsíðu EURES; The European Job Mobility Portal, [europa.eu.int/eures](http://europa.eu.int/eures). Þannig má ná til milljóna atvinnuleitenda um allt EES-svæðið. Atvinnurekendur geta einnig milliliðalaust fengið aðgang að fjölda ferilskráa á síðunni. EURES á Íslandi hefur á undanförunum árum náð mjög háu ráðningarlutfalli og samkvæmt þjónustukönnun er almenn ánægja meðal atvinnurekanda sem nýtt hafa sér þjónustuna. Frekari upplýsingar má nálgast á [www.eures.is](http://www.eures.is) Þjónustan er gjaldfrjál.

## FOSSHÓTEL

### Fjölbreytnin kostur

Fosshótel reka 18 hótél víðsvegar um landið og þurfa því margar vinnusamar hendur, ekki síst yfir háannatímamann á sumrin. Fosshótel hafa nýtt sér þjónustu EURES um langt árabíl og ráðið fjölda manns til starfa fyrir milligöngu EURES, s.s. kokka, þernur, þjóna og annað hótélstarfsfólk. Lára Haraldsdóttir gæðastjóri Fosshótela segir erlenda starfsmenn yfirleitt standa sig mjög vel og sumir komi ár eftir ár. Við val á starfs-

fólki er lögð áhersla á tungumálakunnáttu og reynslu af hótél- og þjónustustörfum, Lára segir fjölbreytnina í starfsmannahópnum vera kost „það er mikilvægt að fá inn alþjóðlegan „kúltúr“ þar sem stór hluti gesta hótélanna eru útlendingar“. Fosshótel munu því halda áfram að ráða hluta starfsfólks síns erlendis frá jafnvel þó framboð á starfsfólki hér innanlands aukist.



Lára Sigríður Haraldsdóttir

## Myndum tvímælalaust leita aftur til EURES



Jóhann Ágústsson

Starfsemi Verkfræðistofu Árborgar hefur vaxið hratt á síðustu árum. Sumarið 2007 auglýsti stofan ítrekað eftir verkfræðingum en árangurinn var enginn. Ástandið var því að verða alvarlegt þegar ákveðið var að leita til EURES að sögn Jóhanns Ágústssonar stofnanda verkfræðistofunnar. Eftir að leitað var til EURES fóru hlutirnir að ganga hratt fyrir sig og fljótlega var ráðinn ungur Portúgali með mastersgráðu í verkfræði. Jóhann segir starfsmanninn hafa staðið sig mjög vel og verið fjótan að aðlagast en þeir hafi lagt sig fram um að

aðstoða hann við aðlögun að samfélaginu og sent hann á íslenskunámskeið.

Í dag starfa 9 verkfræðingar á stofunni og þar af eru 3 frá Portúgal en hinir 2 komu í gegnum þann sem fyrst var ráðinn. Í örri uppbyggingu stofunnar hafa erlendu verkfræðingarirnir reynst mjög mikilvægir. „Að fenginni reynslu myndum við tvímælalaust endurtaka leikinn“ sagði Jóhann aðspurður að því hvort fyrirtækið myndi leita aftur til EURES.